

Reglugerð um .eu höfuðlénið.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að taka í notkun landskóðann .eu og gera íslenskum aðilum mögulegt að fá úthlutað lénum með endingunni .eu.

2. gr.

Gildissvið.

Gildissvið reglugerðarinnar er nánar skilgreint í 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 733/2002 um að taka í notkun .eu höfuðlénið.

3. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB), samkvæmt ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XI. viðauka EES-samningsins með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XI. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans:

- a. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 733/2002 frá 22. apríl 2002 um að taka í notkun .eu höfuðlénið, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, dagsett 16. maí 2013, á bls. 650, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2013 frá 3. maí 2013, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61, dagsett 31. október 2013, á bls. 56.
- b. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 frá 28. apríl 2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, dagsett 16. maí 2013, á bls. 371, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2013 frá 3. maí 2013, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61, dagsett 31. október 2013, á bls. 56.
- c. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1654/2005 frá 10. október 2005 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, dagsett 16. maí 2013, á bls. 382, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2013 frá 3. maí 2013, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61, dagsett 31. október 2013, á bls. 56.
- d. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1255/2007 frá 25. október 2007 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, dagsett 16. maí 2013, á bls. 397, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2013 frá 3. maí 2013, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61, dagsett 31. október 2013, á bls. 56.
- e. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 560/2009 frá 26. júní 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénið og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, dagsett 16. maí 2013, á bls. 303, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2013 frá 3. maí 2013, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61, dagsett 31. október 2013, á bls. 56.

f. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/516 frá 26. mars 2015 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 874/2004 um reglur um opinbera stefnu varðandi að taka í notkun .eu höfuðlénid og hlutverk þess ásamt meginreglum um skráningu, sem birtist í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 74, dags. 10. desember 2015, á bls. 885, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 271/2015, frá 30. október 2015.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 75. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 með síðari breytingum, sbr. einnig 15. gr. laganna, og öðlast þegar gildi.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.